Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundur á skrifstofu ráðuneytisstjóra 8. október

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Alþingismaður – Ritstjóri – Fundur – Landhelgismálið – Sir Patrick Reilly – Hans G. Andersen – Henrik Sv. Björnsson – Davíð Ólafsson

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Frá utanríkisráðuneytinu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur í skrifstofu ráðuneytisstjóra 8/10 kl. 2:30

Viðstaddir:

Sir Patrick Reilly

Mr. Stewart

Mr. Engholm

Mr. Mason

Hans G. Andersen

Henrik Sv. Björnsson

Davíð Ólafsson

Sir Patrick hóf mál sitt með því að segja, að Bretar hefðu haldið, að leysa mætti málið með því, að þeir fengju réttindi innan 12 mílna um 5 ára bil, en létu á móti endurskoðun á löndunarsamningnum, lækkun á tolli á freðfiski og frekari samvinnu í viðskiptamálum. Teldu þeir, að Íslendingar hefðu ekki komið til móts við þá og ekki metið að nokkru tilboð þeirra um efnahagslega aðstoð eða samvinnu. Væri það þeim mikil vonbrigði.

Var þá skýrt frá okkar sjónarmiðum, sem þeir virtust hafa sýnt lítinn skilning á og væru það okkur einnig mikil vonbrigði. Íslendingar litu þannig á, að 12 mílna mörkin færu ekki í bága við alþjóðalög, enda yfirgnæfandi meirihluti fylgjandi þeirri víðáttu í meginatriði, þó margar þjóðir hefðu fyrirvara á því, að 10 ár væri sanngjarnt millibilstímabil almennt. Þá væri hinsvegar jafn ljóst, að Ísland væri talið "unis case", enda væri það viðurkennt af Bretum sjálfum. Þetta væri sérstaklega ljóst, þegar þess væri gætt, að allar aðrar þjóðir en Bretar hefðu virt 12 mílna mörkin við Ísland síðastliðin 2 ár. Þetta yrði að hafa í huga ásamt öðrum þeim sjónarmiðum, sem fram hefðu komið í samtali utanríkisráðherra við Sir Patrick og sendiherrann. Íslendingum fyndist því ekki, að Bretar væru að bjóða upp á neinar úrlausnir með því að fallast á 6 mílur nú og 12 mílur eftir 5 ár. Ef semja ætti við þá eina

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar – Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allra þjóða um slík réttindi innan 12 mílna væri ekki stætt á þeirri lausn, sem fæli í sér, að Íslendingar hefðu gefist upp fyrir þeirra vopnavaldi. Eini hugsanlegi grundvöllurinn hefði því alltaf frá upphafi deilunnar verið sá, að gegn þeim réttindum, sem Bretar fengju fyrir innan 12 mílur féllust þeir á sambærilegar ívilnanir Íslendingum til handa og þar væri höfuðatriðið takmarkanir á veiðitíma þeirra á svæðum utan 12 mílna, til þess að jafnvægi næðist. Í því sambandi hefðu Íslendingar hugsað sér, að hægt væri að taka veiðisvæðið við Ísland sem heild og reyna að samræma hagsmuni beggja. Það væri alls ekki rétt, að Íslendingar legðu ekki neitt upp úr efnahagssamvinnunni, tollalækkun o.s.frv., þeir teldu slíkt einmitt afar þýðingarmikið, en það gæti aldrei verið einn þáttur í að ná jafnvæginu og gæti alls ekki komið í staðinn fyrir takmarkanir á veiðunum utan 12 mílna.

Var í því sambandi minnst á viðleitni Íslendinga innan OEEC til þess að efla viðskipti Íslendinga við vestrænu löndin, þar sem við teldum okkur eiga heima. Þetta væri það atriði, sem grundvallarágreiningur væri um, að við teldum efnahagssamvinnuna eina ekki vera nægjanlega til að skapa jafnvægi, en þeir teldu hana gera það. Við hefðum einmitt talið, að líta bæri á öll hugsanleg atriði, sem gætu verið þáttur í því að ná jafnvægi og hefðum sérstaklega bent á grunnlínubreytingar, sem hluta af hagkvæmri lausn fyrir báða.

Eftir umræður um þessi atriði fram og aftur orðuðu Bretarnir þá hugsanlega lausn, annaðhvort að Bretum yrðu leyfðar veiðar innað 6 mílum í 3 ár án nokkurra grunnlínubreytinga eða takmarkana á veiðum utan 12 mílna (ásamt efnahagssamvinnu), eða miðað væri við 5 ár á vissum svæðum milli 6 og 12 mílna og þá kæmu á móti 1 eða 2 mjög takmörkuð svæði fyrir utan 12 mílur (einnig ásamt efnahagssamvinnu). Tóku þeir þó skýrt fram, að þeir hefðu enga heimild til að skrifa upp á 3 ára millibilstíma.

Í báðum tilfellum lögðu þeir höfuðáherslu á, að fá tryggingu fyrir því, að Íslendingar færðu ekki mörkin út fyrir 12 mílur að samningstímanum liðnum, en vitað væri, að það væri stefna Íslendinga, en Bretar vildu ekki lenda í sömu togstreitunni aftur innan skamms.

Við töldum, að þessar tillögur væru ekki í neinu samræmi við okkar grundvallarsjónarmið eins og þau hefðu margsinnis verið sett fram.

Töluðu Bretarnir nú um, að fara heim á morgun, eins og þeir hefðu gert ráð fyrir, til þess að gefa stjórn sinni skýrslur um hvernig málin stæðu, en það þýddi hinsvegar ekki, að umræðum væri slitið.

Við töldum, að rétt væri að athuga til hlýtar, hvort hvort við gætum komist eitthvað lengra á þessu stigi. Af Íslands hálfu væri búið að lýsa grundvallarsjónarmiðum og hagsmunum og þyrfti að liggja ljóst fyrir, að hve miklu leyti Bretar gætu tekið það til greina.

Varð nú hlé á fundinum, meðan Bretar báru saman ráð sín.

Eftir 15-20 mínútur komu þeir aftur og sögðust vilja spyrjast fyrir um, hvort eftirfarandi væri hagkvæmleg lausn:

1. Grunnlínubreytingar, sem Íslendingar gætu sætt sig við, enda væru þær í samræmi við 4. gr. Genfarsamningsins.
2. Samvinna á efnahagssviðinu, tollalækkun og breytingar á löndunarsamningi.
3. Samkomulagið væri miðað við 5 ár.
4. Réttindi Bretum til handa á nánar tilteknum svæðum milli 12 og 6 mílna.
5. Engar takmarkanir á svæðum fyrir utan 12 mílur.

   Í sambandi við þennan lið komu fram á eftir, að þeir teldu ekki útilokað, að til greina gæti komið 1-2 metasvæði utan 12 mílna, afmörkuð fyrir Íslendinga.

   Lögðu þeir enn mikla áherzlu á, að frá þeirra sjónarmiði kæmu svæði utan 12 mílna ekki til greina, nema út frá sjónarmiði fiskifriðunar eða þar, sem mikill fjöldi (great concentrations) báta stundaði veiðar. Að þeirra áliti væri eiginlega ekki um nein slík svæði að ræða.
6. Höfuðatriði frá þeirra sjónarmiði væri, að Íslendingar færðu ekki út lögsögu sína, að samningstímabilinu loknu.

Spurðust þeir fyrir um, hvort þetta mundi talinn aðgengilegur grundvöllur af Íslands hálfu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar - Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við töldum nauðsynlegt fyrir okkur að fá frekari skýringar á hvað þeir teldu að lengst væri hægt að ganga í grunnlínubreytingum, en þeir kváðust ekkert geta um það sagt fyrr en nánari athugun hefði farið fram. Við töldum, að ekki væri hægt að taka afstöðu til ofangreindra atriða án þess að ráðgast við utanríkisráðherra, sem væntanlega yrði að ráðgast við ríkisstjórnina. Töldum við aðspurðir, að við teldum ekki líklegt að ríkisstjórnin gæti haldið fund í dag, en mundum flytja utanríkisráðherra þessi skilaboð strax og síðan láta þá vita um niðurstöðu.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur